ORKUSTOFNUN

# Umhverfisverkefni. Hitaveita Reykjavíkur.
# Tillögur um verkþætti 1993

**Hrefna Kristmannsdóttir**
**Benedikt Steingrímsson**

**Greinargerð HK-BS-92/13**

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
4. desember, 1992

Greinargerð
HK/BS-92/13
hk

---

# UMHVERFISVERKEFNI. HITAVEITA REYKJAVÍKUR. TILLÖGUR UM VERKÞÆTTI 1993

1. Umhverfisúttekt.

Áætlað er að halda áfram vinnu við umhverfisúttekt á vinnslusvæðinu á Nesjavöllum. Forverki verður lokið með skýrslu, sem byggist að mestu á heimildasafni, sem er raðað eftir efnisatriðum og frumúrvinnslu á þeim. Næsta skref er að fara ofan í öll tiltæk gögn og gera úttekt á stöðu hvers svæðis og búa til áætlun um hvaða gagna þurfi að afla í viðbót og hvernig eigi að standa að eftirliti í framtíðinni. Til að ljúka megi slíkei úttekt á næstu tveim árum er lagt til að leggja í um 4 mánaða vinnu fyrir hvern vinnsluaðila.

| | |
|---|---|
| Kostnaður við þennan þátt fyrir Hitaveitu Reykjavíkur | |
| er því 60 % af 800 t a kr 2500,- | 1200 þ kr |

2. Lagt er til sérverk, sem varðar Hitaveitu Reykjavíkur sérstaklega, um landmælingar á Nesjavöllum. Um er að ræða endurtekna málbandsmælingu yfir sprungur vestan Nesjavalla og Endurmælingu í lengdarmældu neti milli Nesjavalla og Dyradals.

| | |
|---|---|
| Kostnaður við verkin er áætlaður 472 þ kr og | |
| hlutur Hitaveitu Reykjavíkur er | 236 þ kr |

3. Sérverk sameiginleg með öllum samstarfsaðilum.

Í hjálagðri greinargerð er gerð tillaga um sameiginleg sérverk allra samstarfsaðilanna og er heildarkostnaður samkvæmt tillögunum um 6535 þ kr.

| | | |
|---|---|---|
| Hlutur Hitaveitu Reykjvíkur yrði samkvæmt | | |
| þeim tillögum: | Eigin vinna | 330 þ kr |
| | Kostnaðarhlutur | 977 þ kr |
| | | |
| | Samtals | 2743 þ kr |

-------------